

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjöf 2012

Íslandsmót einstaklinga m/forgjöf 2012 verður haldið dagana 10. mars – 18. mars 2012 í Keiluhöllinni.

Olíuburður - Kegel Challenge Series - BROADWAY - 4537 (50 uL)

Forkeppni laugardaginn 10. mars og sunnudaginn 11. mars eða mánudaginn 12. mars og þriðjudaginn 13 mars. Miðvikudaginn 14. mars kl. 18:00 og fimmtudaginn 15. mars kl. 19:00 seinna holtið hjá körlum.

Spilaðir eru 8. Leikir, 4 leikir hvorn dag. Efstu 12 karlarnir og 12 konur halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 6.000,-

Hægt er að velja milli tveggja rástíma:

Laugardaginn 10. mars kl. 9:00 og sunnudaginn 11. mars kl. 9:00. eða

Mánudaginn 12. mars kl. 19:00 og þriðjudaginn 13. mars kl. 19:00. **Bara konur Miðvikudaginn 14. mars kl. 18:00 og fimmtudaginn 15. mars kl. 19:00 seinna holtið hjá körlum.**

Milliriðill laugardaginn 17. mars kl. 10:00

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 2.600.-

Undanúrslit sunnudaginn 18. mars kl. 8:30

Spilað allir við alla, 6 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 3.200

Úrslit sunnudaginn 18. mars – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn). Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer aðeins fram á [netinu](#). Skráningu lýkur miðvikudaginn 7. mars klukkan 22:00. Skráning þarf að innihalda nafn, kennitölu og hvort óskað sé eftir að leika í fyrri eða seinni rástíma. Það er ekki hægt að leika í báðum rástímum.

Posi verður á staðnum eins er hægt að greiða þátttökugjöld inn á reikning KLÍ áður en mót hefst. Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Mótanefnd KLÍ hefur umsjón með mótinu og áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.